

# HEIMIR

III. árgangur

WINNIPEG, 1906.

2. blað.

Eloi! Eloi! Lama Sabachthani?

eftir

**Stephan G. Stephansson.**

Svo lítil frétt var fæðing hans  
í fjárhúsjötu hirðingjans,  
að dag og ártal enginn reit,  
um aldur hans ei nokkur veit.

Því jafnvel samtíð okkar enn  
sér ekki sína beztu menn.  
En tímans bylting birtir alt,  
og bætir sumum hundraðfalt.

Því mótmælt hefði hans eigin öld  
að afmælið hans væri í kvöld,  
og tengt þann atburð ársins við,  
að aftur lengist sólskinið.

Hann alla sína fræðslu fékk  
í fátæklingsins skólabeck,  
en sveit hans veitti sína gjöf,  
þar sérhver hæð er spámannsgröf

Og skálda, er höfðu hegnt og kent,  
en heimska lýðsins grýtt og brent.  
Þar feður hjuggu hold og bein,  
en hlóðu synir bautastein.

Þar birtist verkavitrún hans,  
er vitjar sérhvers göfugs manns,  
það kall, að hefja land og lýð  
og lækna mein á sinni tíð.

Og margur sagði hjartahlýtt :  
Sjá, hér er spámannsefni nýtt.  
Og móðurástar ótti og von  
sá undramann í kærum son. .

Hann skildi glögt hvað gengi að,  
og guðræknin ei fremst var það,  
ei smædd né örbyrgð ættarlands,  
og ekki kúgun Rómverjans.

Hann sá að eigin elskan blind  
var aldarfarsins stærsta synd.  
Og þyngst á afl og anda manns  
var okið lagt af bróður hans.

Sem grimd og lymsku lengst til ver,  
að láta aðra þjóna sér,  
sem aldrei sér að auðna þín  
er allra heill, og líka mín.

Hann kendi, að mannást helg og hrein  
til hinna væri leiðin ein.  
Hann sá að alt var ógert verk,  
sem ekki studdi mannúð sterk.

Og „okurkarl“ og „aurasöfn“!—  
Hans orð ei voru smjaðursnöfn.  
Hann studdi fátækt fallna lágt,  
sem féll af því hún átti bágt.

Og bókstafsþræl og kredduklerk  
hann klagði fyrir myrkraverk,

sem þrá ei ljós og andans auð,  
en yfirráð og stærra brauð.

Á orð hans hlýddu hrifnir menn  
um hugsjón er þeir skildu ei enn,  
því hugi fangar háleit sál,  
þó hljómi rödd sem duliðsmál.

En alt sem sjálfs hans sál var ljóst  
að sæju aðrir, við hann bjóst.  
Hvern sannleik þér sem auðsær er  
að allir sjá ei gleymist þér.

Hve áhrifalaust orð hans lág,  
í anda fólks hann glöggvast sá,  
er gagnstætt hverri hugsun hans  
hann hylla vildi konung lands.

Því fólk vort enn ei eftir tók,  
að ekki er hugsjón Lærdómsbók,  
því flestir hugsa hún helzt sé send  
í Hugvekjum sé lærd og kend.

En hún er sjálfs þín sálarrök,  
með sama eðli og hugartök  
og hins, er stóð við hennar dyr,  
þó hundrað öldum lifði fyr.

Að fá ei mýkt alt bræðra böll,  
það beiskust var hans dauðakvöll,  
af slíkri ást og andans þrá,  
hve afdrifið þau sýndust smá.

„Minn guð, því yfirgafstu mig?“  
frá gröf hans hljóma kringum þig  
er sérðu heift og hjátrú lands  
sig hópa undir nafnið hans.

En altaf getur góða menn,  
og guðspjöll eru skrifuð enn.  
Hvert líf er jafnt að eðli og ætt,  
sem eitthvað hefir veröld bætt.

Og löndin eiga mikla menn,  
og menning sinni koma enn,  
og geislar andans allir sér,  
í einnar sálar brennigler.

Og sama og hans er sumra mein,  
og sama þeirra dauðakvein,  
á litlum brotum byrja fá  
á blessun lands og hverfa frá.

Þá hugraun líður hetja sú,  
sem hreinsa reyndi sið og trú,  
en deyr sem andstygð almúgans  
í útskúfun síns föðurlands.

Og þjóðskörungur böl það ber  
á banadægri er þreyttur sér,  
að fólk hans loksins sveik sig sjálft,  
og sættum tók við minna en hálf.

Og skáldið hreppir hlutfall það,  
sem hversdagslífið þrengir að,  
og hnígur undir önn og töf  
með öll sín beztu ljóð í gróf.

Já, sjálfur bóndinn veit það vel,  
sem vildi rækta kalinn mel,  
en fellur svo að séð ei fær,  
hve sveitin af hans vinnu grær.



## Vegna hvers erum vér Unitarar?

### III.

Vér höfum það einhvernveginn á meðvitund vorri, að það góða í heiminum, í hverri mynd sem það er, sé í eðli sínu gott mönnum og öllu sem lífs anda dregur. Ekkert annað en það, sem þannig er, köllum vér gott. Það eru til heimsspekinga-skólar, og þeir sem þeim fylgja, er kalla ekkert eða þá alt gott, hvern veginn sem maður vill snúa því. Og það eru til einstöku menn aðrir, er með grúski og hjáræningshætti kalla áreiðanlega illt, það sem vér myndum kalla blessað og gott. Eins og t. d. mótlæti margfaldlegt, sem mönnum mætir. Það á að vera til þess að hegna þeim, beygja þá, gjöra þá bljúga og auðmjúka í anda og sinni. Það á að vera himinsend gjöf. En þannig er oss alls ómögulegt að líta á það. Það er eitthvað það innra hjá oss sjálfum, er segir oss, þrátt fyrir hin- ar fögru útskýringar, að það sé eynd og sársauki hinn mesti.

Allar raunir, sem menn rata í, sem koma fyrir á margvís- legan hátt, eru að voru álitir, þegar vér erum heilbriggt hugs- andi, sem hið mesta fár og mesta slys. Einn missir heilsu, annar slasast, hinn þriðji missir mannorð sitt vegna óheilnæmra ástríða, vegna þróttleysis, vegna ofsókna og ályga, sem hann er ekki nógu sterkur að standa móti, og fellur því ofan að því takmarki, sem hann er sagður standa við. Og einn missir vit- ið vegna þekkingarskorts, að hann gjörist of auðtrúa á hindur- vitni og hjátrú og ýmsar öfgar fagnar eða ljótar, sem hann heyr- ir, eða þá hann verður dauður og sljófur fyrir öllu eðlilegu og mannlegu, kaldur, vináttufár, öfundsjúkur, tortrygginn við aðra menn, þröngur og þversinna vegna þess öll hans hugsun snýst utan um eitt lítið atriði, sem er mikið og mikið fáfengilegra en hann er sjálfur og hið mannlega, sem í honum býr, svo smátt að hann verður stórum að minka sig til þess að taka ekki út fyrir það eins og oft kemur fyrir í trúarbragða sökum,—það er vitmissir alment, þó það sé látið heita annað.— Alt þetta segir oss hugur um að sé illt. Og þótt það beygi menn, sem

það óneitanlega gjörir, þá virðist ekkert gott af því leiða, nema að gjöra þá að aumingjum. Svektur maður er aldrei samur og heill eftir sem áður. Og þótt það taki svo mjög ofmetnað manna á brott að í líking Nebúkadnezzar spretti fjaðrir á höfði þeirra í hára stað, þá einnig með honum verða þeir og eins og dýr merkurinnar, þótt ef til vill þeir bíti ekki gras. Og það eina sem minnir á efri og æðri tilveru þeirra er mannsmyndin þeirra, og þar sem það á við fjaðrinnar stífdi, sem alt flug er úr, sem festi þá við æðri heima og hærri sjóndeildarhring.

Jafnvel þeir sem prédika mótlætið og þjáninguna sem hægri hönd kærleikans og sem himinsenda gjöf, takast í hendur með þeim sem ekki prédika það, eins alvarlega og eins alúðlega af hjartans beztu sannfæringu, að útrýma því úr mannheimum. Þeir vilja ekki þá ofanað komandi gjöf, þeir vilja að hún verði sem fæstra hlutskifti, og er það þó hugsanavilla, trúarmótsögn hjá þeim. En til þess er hjúkrunarhúsum stráð um alt landið eins og hiuneskum alsherjar griðastöðum, hvar öllum er heimil vist, er í valinn falla í hinni aðistrylta baráttu fyrir lífstilverunni, þar sem þeir særðu geta fægt sár sín og gengið þaðan aftur annaðhvort út í lífið og baráttuna á ný, eða þá til dauðans og grafarinnar og friðarheiðrar nætur.

Til þess eru hinar ótal mörgu stofnanir, er stefna að sama augnamiði, að frelsa þá sem tapaðir eru innan hins mannlega réttarfars, að vísa þeim á réttari vegu, er vilst hafa og farið villir vegar, að afnema meðal alls fólks tilhneigingu til lasta og glæpa.

Til þess eru uppfærðslustofnanir þétt settar um alla veröld, að upplýsa, fræða og glæða hjá mönnum það sem þeir eiga bezt og háleitast í huga, að þeir á síðan kunni heldur að rata réttu brautina, að þeir komist hjá þótt ekki sé nema þeirri sálarkröm og eynd, er blinda og skoðanabann leiðir af sér, að þeir geti öðlast meira og geti betur tekið á móti hinu virkilega góða. Og að þeir fái fyllilegar notið sælu og friðar.— Til þessa eru skólar, ekki til þess að lengja nöfn manna, að úr Hausschein sníði þeir Ökolampodíus, eins og einn helzti síða-

bótarfulltrúinn, eða þeir setji upp merkissvip og afsegi að þurfa nokkuð að starfa upp frá því, eða fráskilji sig öðrum mönnum með ýmsu fíranlegu fátí eða háttum,—þeir eru til þess að upphefja manndóminn á jörðinni, að forða frá niðurlægingu frá þessari kröm og eynd, sem á stundum hefir verið skoðað svo lífsnauðsynlegt, til þess að verða hólpinn—til þess eru þeir að mönnum þoki áfram, einum sem öllum, að jöfnuður verði meiri, og umfram alt að skapa karakter.—Þeir eru til þess arna, en hversu sorglegt er það ekki, þegar af nemendum og kennurum þeir eru notaðir til a:ls annars,—til þess að að vinda úr ungdóminum manndóminn og sjálfstæðið, til þess að gjöra þá að meiningarlausum, kjarklausum og sí-játandi óvitum, sem hafa alt það eftir, er fyrir þeim er haft, hversu sorglegt er það ekki, en slíkt hendir stundum. Það er með öllu að eyðileggja þann tilgang, sem þeim stofnunum er ætlaður og sem mannfélagið á heimting á að þær fylgi.

Nei, en allar þessar tilraunir, sem vér höfum talið, miða í áttina að því að koma heiminum hjá því, sem tilfinning manna segir þeim að sé illt. Og þær hafa heppnast og eru altaf að vinna meira og meira gagn í þá átt.

En hvað táknar þetta og hvað kemur það spursmáli voru við. Því „vegna hvers erum vér Unitarar“? Það kemur því við á þenna hátt, að einmitt þessar tilraunir, sem spröttnar eru frá því, sem vér sögðum áðan að á meðvitund vorri hvílir, að hið sannarlega góða í heiminum sé það sem flytur alla hluti nær sælunnar ástandi, og það og ekkert annað,—þær sanna að þessi meðvitund eða tilfinning vor sé rétt. Að hið góða sé þannig í eðli sínu, og alt þar af leiðandi, sem er gott sé sí og æ verkandi til þessara hluta. Og að svo miklu leyti sem þessar stofnanir hafa reynst eins og menn hafa gjört sér von um, nefnilega, afstýrandi því sem helzt hefir menn frá því að verða sælunnar aðnjótandi, afstýra miklu böli og bágindum, er áður fyrrum var álitid alveg nauðsynlegur skóli að ganga í gegnum, og því jafnvel guðsgjöf—þá hlýtur það eitt með mörgu gjörsamlega að breyta skoðun vorri á guði, og um leið sannfæra oss, að eftir alt og eftir að vér erum búnir að yfirfara

alla hluti og leita fyrir oss, þá er enginn betri leiðarvísir til né guðdómlegri og sannleikanum nær, en hin innri rödd, sem talar í sálum vorum og gjörir greinarmun fyrir oss á góðu og illu, réttu og röngu.—Engin fullkomnari leiðarvísir til en sá.

Það breytir skoðun vorri á guði að þessu leyti, að fyrst þessar tilraunir hafa heppnast eins vel og reynd hefir á orðið, þá hljóta þær í alla staði að vera samkvæmar hans réttlætislögmáli og vilja, annars fengi þær ekki staðist, en ynni oss beint tjón, eins og alt sem stríðir á móti náttúrunnar lögum. En þá hlýtur það líka að vera að guð æskir ekki eftir vorri niðurlægingu, heldur upphafning. Hann æskir ekki eftir að taka á móti oss sem Nebukadnezurum, með fjaðrir á höfði og bítandi gras, heldur sem mönnum uppréttum. er fáum litið svo langt, að vér getum horft í hinar hæstu hæðir og gripið þaðan þá hugsjón, sem vér viljum keppa að og lifa eftir. Sem mönnum er eiga karakter, séu menn, hvorki Lazarusar í faðmi Abrahams eða maurapúkar í helvíti, eða líkþráir ölmusu beiðendur, eða blindir eða haltir eða vanaðir, eða volaðir. Lærum að hjálpa hver öðrum, lærum að komast áfram, lærum að þekkja, lærum að forðast alt það, er eyðileggur sál eða líkama, það virðist vera hans bending til vor, enda er það, það sem vor innri rödd er jafnan að brýna fyrir oss. En frá þeim guði, sem þannig er getum vér búist við, að hann láti sér jafn ant um heiminn nú eins og nokkru sinni áður, um þá sem nú lifa, eins og þá sem lifðu fyrir þúsundum ára síðan, um allar þjóðir eins og eina. En þá erum vér komnir að einu því atriði, er trú vor byggir á,—því nefnilega, að guð láti sér jafn ant um heiminn á 20. öld e. K. eins og á 20. öld f. K. Og vér erum knúð til þessa stóra megin atriðis af vorri eigin samvizku, og sönnunum þeim sem þegar eru fengnar á því samvizkubóði, með því sem menn hafa gjört og eru að gjöra. Og þær sannanir eru sannanir frá reynslunni teknar og því í alla staði áreiðanlegar og vissar.

Það er nefnd vísindaleg sönnun, niðurstaða sú, sem fæst með ítrekuðum tilraunum á ýmsa vegu, er útskýrir eitthvert sérstakt lögmál. Það má því heita vísindalega sannað, að



sæluþrá mannanna er að fullu og öllu samhljóða vilja og tilgangi hins eilífa og almáttuga lífsins lögmáls, er hreyfir alheiminn ómælilega, og að vér öll erum jafnmikil óskabörn föður vors og nokkrir menn hafa nokkru sinni verið.

Það þykir sumum ómögulegt að draga nokkrar trúarlegar ályktanir út úr hinu daglega og hversdagslega. En þó er það einmitt það, sem sannar það sem sannanlegt er, en ekki það sem engir hafa reynt eða nokkru sinni lifað.

Þeir sem séð hafa aldinagarð, þykir það ekki stórmerki-  
legur viðburður að sjá epli falla af liminu til jarðar. En einmitt það lítilsverða atriði var þó það sem leiddi til upp-  
götvunar og sönnunar á einum þeim mikilvægasta sannleika, er umskapað hefir öll stjörnuvísindin. Um ómuna aldir voru epli og hnetur og aðrir trjáávéxtir að falla, um allar árstíðir um ár og aldir víðsvegar um heiminn. Og altaf voru þau að segja mönnunum til, en þeir skildu ekki langa lengi, langa lengi, uns loks að einn mannanna sona komst eftir því. —þyngdarlögmálið—og síðan hefir það orð orðið algengt orð á öllum tungumálum heimsins.

Hið sanna er, það kemur fáum til hugar þegar þeir fara um farin veg og sjá láreist vegglítið hús blasa við fram með veginum, afskekt og eitt. Hvaða hús er það? Það er skólahús.

Eða þá á öðrum stað, hátt hús með mörgum gluggum, mörgum skotum og krókum—sjúkrahús. Eða þá enn eitt, þar sem ótal smábörn eru að leikjum, en varla sést maður. —Munaðarleysingjahæli og svo mætti ótal telja,—að öll þessi hús sönnuðu eitt mikilsvert trúaratriði, að hið góða er eilíft lögmál, virkilegt og satt,—ef ekki svo, væri þau ekki til— að guð lætur sér eins ant um mennina í dag eins og í gær, og á morgun eins og í dag. Að þau sanni þetta þykir sumum ótrúlegt, en þó er það.

Og þar sem ég sé skólahús, hefi ég eina hina sterkustu sönnun hins mesta megin atriðis hinnar unitarisku trúar. Sá sem þar þjónar samvirkusamlega og vel er hinn þarfasti þjónn þeirrar skoðunar.

Sú guð góður og láti sér jafnt ant um nútíðina og allir trúa að hann hafi látið sér ant um hina liðnu tíð, þá lætur hann sig ekki án vitnisburðar nú. Hann hlýtur að tala til þessa tíma á skiljanlegu mál. Hvort sem trú vor leyfir oss öllum að játa það eða ekki, þá er það nú samt vor hjartans sannfæring allra er til sannfæringar kemur.

En eins og vér höfum séð er högum vorum öðruvísi háttað nú, en var fyrir 3000 árum, og það sem þá var skiljanlegt, og að eins skiljanlegt öllum fjöldanum fyrir hvað það tapti á sannleikanum, er oss sem nú lifum sama og ekkert mál. Fyrir oss sem nú lifum, ber það ekki vott um nokkurn hlut nema löngu liðna æfi manna, nema barnalega smíð þeirra, er voru á barnsaldrinum í öllum andlegum skilningi.

Mál það sem vér skiljum og sem til vor talar er það, sem berst frá þessum tímum frá ytri og innri högum manna nú. Hin mörgu listaverk, hin miklu umskifti, sem altaf eru að verða á mannheiminum, er létta undir með erfíði og þunga og þraut lífsframfærslunnar, sem eru að smá gjöra það ósatt, sem í fyrndinni var álitid guðs lagaboð, og satt að maðurinn skuli jörðina erja, en hún skuli honum bölvá.

Heimur, sem er í þann veginn að komast undir umráð manna, sem er farin að taka þátt í kjörum þeirra, farin að lýsa þeim um natúr, flytja þá stað af stað, opna fjársjóði sína fyrir þeim, er hann hefir geymt og grafið fyrir millíónum ára síðan, er sá heimur, sem vér þekkjum og lifum í,—og svo maðurinn sjálfur með öll sín ótal breytilegheit, ýmist bryggur eða glaður, vesall eða voldugur í hinum andlega heimi, með þrá og lífslöngun og ást og ótta í hjarta, með heilsan eða kveðju eða eggjunarorð eða andvörp, söng eða hálfkveðið stef á vör, er maðurinn eins og hann er nú, er það mál, það alheims mál, sem hann talar. Og á þessu máli verður guð til vor að tala, ef vér eigum að skilja, ef hann elskar oss.—Og vér erum þess fullvissir, að þannig talar hann til vor. Og einmitt það sem vér þráum og það sem vér elskum, og það sem leiðir oss á hærri sjónarhæðir í þeirri mynd, sem það birtist í vorum eigin huga, talar hann, ekki í gegnum ósýnileg orð eða

andvörp eða vopnabrák hálfsiðaðrar þjóðar, eða heróp eða mannavíg. Það eru til setningar og stef frá fyrri tímum, sem enn tala til vor með guddómlegri speki. 90. sálmur Davíðs er enn viðkvæm orð fyrir marga af oss. „Drottinn þú varst vort athvarf frá kyni til kyns. Áður en fjöllin fæddust og þú tilbóst jörðina og heiminn, já, frá eilífd til eilíðar ert þú vor guð. Þú gjörir manninn að dufti og segir komið aftur þér mannanna börn, því fyrir þínum augum eru þúsund ár sem dagurinn í gær þú hann er liðinn, og eins og nætur vaka. Þú burtskolar þeim, þeir eru sem draumur, því allir vorir dagar hverfa burt, vér eyðum vorum árum eins og draumi“. Þessi orð tala til vor eins skýrum orðum í dag, eins og þau hafa nokkru sinni gjört um þúsundir ára.

Hver getur svo komið inn á listasöfn, þar sem hundruð mynda skreyta veggina, myn-lir af goðfögrum mönnum og konum, er málarahöndin hefir dregið, mönnum, sem horfnir eru úr heiminum fyrir mörgum mannsöldrum, fyrir þúsundum ára,—að þeim hinum sömu komi ekki til hugar, „þúsund ár eru sem dagurinn í gær þú hann er liðin og eins og næturvaka“. 200 mannsaldrar eins og einn draumur, sem ekkert, á þessari tífmans strönd. Og þegar vér hugsum um það, hvílik firn, hvílik býsn æsku og fegurðar og gæða ber ekki þessi bið, sem vér köllum tíma, burt úr vorum heim! Meðan vér tefjum, jafnvel um vora stuttu stund, sjáum vér það vera að smá-hverfa. Eitt ár, og því sem áður var fegurðin sjálf, því fer að halla, annað ár til, og það er horfið, liðið burt eins og skuggi af ásjónu ungmennisins, en annar dýpri skuggi kominn í þess stað, frostsuggar afhallandi kvelds eða komandi nætur.

En stöndum við og hugsum oss betur um og þá heyrum vér ena annað orð, er til vor kallar og það framan úr fornri tíð. „Deyr fé, deyja frændr, deyr sjálfr it sama, en orðstírr deyr aldregi hveim er sér góðan getr“. Einnig sönn orð, lifandi mál, og það einkum fyrir oss nu í dag. Það sefar oss að hugsa til þess, það veitir oss meiri kjark þegar hinni myndinni um fallvaltleik og hraðstreymi tímans ber oss fyrir auga: „Orðstírr deyr aldregi, hveim er sér góðan getr“. Lífið svíkur aldrei

þann sem er því trúr. Guðdómleg orð og sí bezta kjölfesta, sem vér höfum í öllum vorum barningi.

Á þannig máli hlýtur guð að tala til vor, ekki með kreddum eða rígbundnum setningum, vér skiljum þær ekki, vér viljum þær ekki. Þær snerta ekki nokkurn þráð í voru eðli.

Og það er trú vor, að hann tali þannig til vor. Og það er ein aðalástæðan, hví vér erum Unitarar. Guð er ekki guð dauðra, heldur guð lifenda. Hann er ekki fyrst og fremst talandi gegnum rit hinnar hebresku þjóðar, heldur allra sáðast. Hann er fyrst og fremst talandi gegnum þjóðlíf, gegnum sálarþrá og sálaratgjörfi manna á hvaða tímabili sem er. Að halda fram því gagnstæða er að gjöra hann að guði hinna dauðu, þeirra sem þegar eru hættir að lifa hér og hvorki hafa séð eða heyrt eða fundið til þeirra sístöku málefna, sem snerta oss hvað dýpst nú. Enda er þessi skoðun samkvæm öllum þeim hugsunarhætti, er alment ríkir um guð, að hann sé guð sannleikans. En menn gæta ekki að því, að guð sem ekkert veit um nútíðar ástand og hefir ekki nokkra bendingu gefið til þeirra, sem nú lifa, nema „teikn Jónasar“, hann er ekki guð alls sannleikans. Hann er að eins guð fortíðar sannleikans. Og guð G. T. sá sem það þekkir, sá sem það upphefur talar fá orð til þessara tíma. Heimurinn var ekki nema hálfur í þá daga, í engum skilningi, hvorki að víðáttu veldi, framförum eða þekkingu. Oftast að eins smáhérað, milli Dan og Beer-Sheba, en mestur frá Cush til Mizraim. Guð G. T. er því ekki guð alls sannleikans, ekki eins lítills hluta alls sannleikans. Hann er guð dauðra fremur en guð lifenda.

Þessi skoðun vor er því algjörlega sjálfri sér samkvæm, bæði sem trú og innri tilfinning. Sannleikans guð er guð bæði fortíðar og nútíðar sannleika. Nútíðin hefir sömu þýðingu og hin umliðna tíð. Mannfólkið er jafnt hans börn nú, sem áður. Hann er faðirinn, sem börnin læra altaf betur að þekkja eftir því sem þau vitkast og eldast. Á því byggjum vér, og það er vor trú.

Og það er líka að vorri hyggju nanðsynlegt fyrir andans

framför manna, að þeir sameini lífsþekking sína og hina trúarlegu skoðun í eina samstæða hugsanafræðislega heild. Að í siðalærdómi leggi þeir ekki eitt til grundvallar og annað aftur í trú. En hver sem reynir það nú, hann getur ekki annað orðið en Unitari. Ef þessi alheimur vor er einnig einheimur, svo eru öflin öll hin sömu er í honum eru verkandi á öllum tímum. Það er ekki kraftaverk í dag og vanmáttur á morgun. Ekki réttlætning af trú til fyrirgefningar syndanna, því sem menn hafa misgjört, og einnig réttlætning af verkunum til fullnægingar og yfirbótar glæpnum þeim, sem menn hafa drýgt, sem er einnig misgjörð. Það verður að vera eitt og hið sama alstaðar. Það er tjón að deila sundur trú og þekkingu, hvortveggja farartálmi að fullkonnunar takmarkinu. Trúin verður að vera lifandi lífsskoðun, sprottin frá þekkingu og lífsreynslu manna allra, þeirra sem lifðu um þúsundir liðinna ára og þeirra sem lifa í þúsundir komandi alda. Trúin verður að haldast í hönd með mannlegu lífi, og það gjörir trú vor og þess vegna erum vér þeirrar trúar. Hún kvíðir engu, sem sannleikurinn kann í ljós að leiða um ókomna öld, engum breytingum, engri bylting í stefnu eða hugsunarhætti manna, því hún fylgist altaf með mönnum, hvar sem þeir verða staddir á veginum, og heilsar með vorum fegurstu og fremstu sonum með „fögnuði vagninum þeim, sem eitthvað í áttina líður.“ Fullviss að það verður sannleikurinn sem sigrar „og guð sem mun gefa okkur landið.“

## Himinn og Víti.

*Eftir STEFÁN SIGFÚSSON.*

[Niðurl.]

Þá er eftir að skoða hvernig menn hafa hugsað sér og skapað sér himinn og víti, hvort fyrir sig. Vér rekum oss strax á, að þessi hugtök hvert fyrir sig eru svo sem samfallandi við loftslagið á jörðunni, þau mega heita borin af því.

Grænlandingurinn lýsir himni sínum sem víðáttumikilli sléttu, þaktri „grænu grasi, og svo umhverfis hana alt í kring katlar fullir með hvalspiki, er sýður þar og vellur sí og æ hinum heilögu til handa eða nautnar, og það verður aldrei nein þurð á því. En paradís hinna fornu Norðurbúa var bardagasvið vígvallar, þar sem þung vopnahögg voru gefin og móttekin liðlangan daginn, en þar sem öll sárin, eftir þessi miklu högg, voru heilguð að kveldi. Múhameðsmenn, og yfirleitt suðrænar þjóðir, hafa fyrir himinn sinn veðurblíður, skógi vaxnar sléttur, fullar af sæluríkum draumhírum lundum, þar sem skuggasælir pálmar gnæfa, og svo á milli samfélag engilprúðra meyja, er vitaskuld aldrei eldast né deyja. Kirkwall, frægur trúboði meðal Iroquois-Indfána, fræðir oss um, að allir flokkar þeirra trúu verulega og yfirleitt að napurlegt, skuggalegt og dimt meginjúp umkringi einn unaðslegan dal, með yndislegum býlum og heimilum. Í regindjúpið í kring var þeim steypt niður, sem óhlýðnuðust skipunum og boðum flokkahöfðingjanna, en í heimilisblíða dalnum byggja allir hinir hraustu, drenglyndu og hlýðnu. Vor eigin himinn upplýstra kristinna manna, er borinn af hlýju loftslagi, þar sem hið eftirsóknarverðasta er að hvíla undir skugga trjána, við uppsprettu perlutærs vatns. Að vísu höfum vér breytt þessu í himin með syngjandi herskörungum, sí lofandi og þrisandi guð sinn, þar sem aldrei þekkist kvein, hrygð eða sorg, þar sem alt er friður og fögnuður.

Eg hefi löngun til hér í sambandi að tilfæra orð eftir merkis konuna frú Booth, sáluhjálparhersins frumkvöðul, ásamt manni sínum. Hún meinti til þessa himins með sí og æ syngjandi englaherskörungum, þar sem hinir rétttrúuðu koma. „Eg trúu því ekki“, sagði gamla konan, „að þeir vilji loka mig inn í einhverju horni af himnum með hörpu að spila á, sem einustu dægrastytting, þeir geta gert sem þeim líkar; en eg vil fá að flakka frí og frjáls um.“ Og líkt og þessi kvenskörungur hugsaði, hugsa margir, eigi sízt hnattarins norðurbúar.

Hinn eini himinn, sem þolanlegur og viðunanlegur yrði, yrði ekki hinn fullkomlega samfelli og sífelli, óbreytilegi,

heldur einmitt hinn tilbreytilegi, tímabilalegi. Eins og núverandi líf vort, et óendanlegt væri, ekki væri eftirsóknarvert og gæti ekki staðist, þannig mundi sérhvert annað tímabil, sem setti oss í samband við aðrar verur og hluti. Hin sanna megin spurning eða úrlausn er sú, hvert, er vér útendað höfum lífs-tímaskeið, hvert það hafi fólgið og innibundið í sér máttinn eða efniviðinn til framruna annars og betra lífsskeiðs; það er mergurinn málsins og aðalatriðið. Það er ekkert aðgengilegt tilveru-ástand til, bærilegt eða eptirsóknarvert, nema framfaralegs kyns sé, í áttina stöðugt áfram og herra, og allar framfarir hreifast í tímabilum. Tímabilaleiki byrjar með hinum fyrstu 24 stundum lífs vors, þar sem efniviðurinn gefst oss til tilverunnar á morgun (morgundagurinn leiðir af gærdeginum þar).

Hefir nú þá vort meðalslags líf, hefir það í sér höfuðstafina og efniviðinn til framruna annars lífs? Ja, það er hin mikilsverða spurningin! —

Hér er oss lagt í augu uppi, svo allir mættu sjá og sannfærast, að vort hérvistarlíf er mishepnað, er dautt og fánýtt, nema það hafi aflað sér, safnað í sig höfuðstöfunum og efniviðnum til byrjunar og framþróunar annars æðra lífs. Það hyggjum vér hugsun og meiningu skaparans með tilveru vora og líf, og þessu verðum vér sjálfir að safna og saman halda. Og hvað væri oss í sannleika ódauðleiki sálar eða annað líf án þess. Að standa í stað við lok þessa lífs, er reglulegur dauði, að vera alveg án efniviðar til annars og æðra lífs, er og dauði, og svo mun fara. Nokkrir hugsanaskörungar hafa hreyft því, að þeir, sem þannig eru vanbúnir við burtköllunina héðan, þeir einir sannarlega deyi. Þeir hafa ekkert inn í hina tilveruna að gera, þeir eru þar alsendis framandi, og standa uppi aðgjörðalausir, en hinir, sem efniviðnum hafa sér safnað hér til framrunandi eða æðri tilveru, þeir eru hinir einu, er lifa, fyrir þá eina er líf og ódauðlegleiki.



## Vestur og að vestan.

Það var seint í Marzmánuði, sem eg lagði af stað frá Souris. Snjórinn var á jörðunni og frostið og kuldinn í loftinu. Þó sáuust dökkir blettir þar sem akrar voru plægðir, og bændurnir voru orðnir óþreyjufullir yfir því að geta ekki farið að sá, en vonuðust eftir að hver kuldadagurinn yrði sá síðasti. Það var um nótt, sem eg fór á lestina í Rugby. Eg hafði sent málþráðaskeyti um daginn til Grand Forks um svefnpláss, og fór því að sofa, er eg kom á lestina, og vaknaði ekki fyrri en eg var nálægt landamærum Dakota og Montana. Eg leit út og sá ekkert nema eyðisléttu með smá holtum snjóþakta, og þar sem eg hafði vonast eftir að snjórinn minkaði, þegar vestar dró, þá var hann öllu meiri, því að hér sá varla nokkursstaðar á dökkan díl. Húsin voru fá og langt á milli. Þorpin smá og óveruleg, lítið betri en hænsakofar sumt af þeim. Eg horfði og horfði út um gluggann allan daginn, svo mér varð illt í höfðinu; eg var að vonast eftir að sjá einhverja stóru hjörðina en eg sá enga. Eg taldi hvern smáhóp af gripum, sem eg sá með fram brautiuni, og eg sá engan stærri en milli 50 og 60 gripi. Hjarðirnar hafa hlotið að vera einhversstaðar annarsstaðar, eg sá þær ekki. Yfir alla Montana var það þannig, oft margar milur á milli húsa. Þetta var ein grasivaxin eyðimörk, köld og freðin undir hinni hvítu blæju. Um tíma fórum við fram með Missouri-fljótinu og voru það dálítill tilbrigði, voru ísskánir á því sumstaðar, en mér sýndist það óásjállegt og lítið. Við vorum orðnir langt á eftir tímanum og fanst mér lestin dragnast áfram rétt eins og væri hún að uppgefast. Sannarlega varð eg feginn að fara að sofa um kvöldið, og engin sá eg fjöllin þann dag.

Um morguninn vaknaði eg við það, að lestin stöðvaðist hastarlega. Eg leit út og sá að það var slidduveður og bleyturhríð og að við vorum í grafning miklum og voru hólar stórir í kring. Frétti eg svo að aurskriða nokkur hafi hlaupið á lestina og brotið eitthvað einn vagninn. Þarna sátum við 5 kl.-



tíma. Spurði eg samferðamenn mína hvenær við kæmum í fjöllin. Veistu ekki að við erum í fjöllum, sögðu þeir. En eg sagðist kalla þetta hóla eina en ekki fjöll. Eg hafði búist við að sjá gnípur miklar með hamrabeltum, stórkostlegum, eins og Ameríka er stórkostleg, en eg sá þau aldrei. Í stað þeirra sí eg hóla mikla strýtu-myndaða, eins og sykurtoppa, skógi vaxna upp í topp, og sá í grúa aurskrifduna og leirinn á milli trjáanna. Þótti mér það alt saman ljótt og óásjálegt. Loksins komumst við á stað; gamli brúnn var eitthvað af göllum genginn og við áttum að reyna að komast inn í bæinn næsta, um 3 mílur burtu. Við sigum áfram hægt og hægt um gil og gegnum hóla og loksins sáum við borgina. En sú borg. Húsin voru líkust fjósum yfir 2—3 kýr, og stærri húsin hlöðum yfir 8—10 tons af heyi, en á fjósunum voru þó gluggar, og gömlu konurnar stóðu í dyrunum með hendur í síðum að horfa á lestina, og á hlöðunum voru auglýsingar með stórum stöfum og menn á gangi til og frá og sá eg að þetta mundi bær vera og myndu menn lifa annaðhvort í námunum eða við skógarhögg, því að hvergi sýndist grasstrá vera. Svo ná fórum við í gegnum þessi hólafjöll, oftast með fram lækjum eða litlum ársprænum og altaf sýndist mér sama auðnin gegnum sporðinn af Idaho og austurhluta Washingtonríkis. Með fram Kootenay-fljótinu fórum við langa hríð og þótti mér það spræna ein. Snjór var í fjöllum, því að þá gekk bylur yfir. Loks þegar kom ofan undir Spokane fór eg að sjá skifta um. Eg fór að sjá grænar grundir og plægða bletti. Blómkuapparnir voru að byrja að springa út á aldinatrjánum. Jörðin var skrúðgræn, gripirnir lágu á grænum grundunum og jórtruðu ánægðir; hlýi blærinn fór að leika um vanga mér, og mér fanst eg vera að koma í anna heim, svo var breytingin mikil að koma úr kuldanum og snjónum í hina hlýju sólríku dali að vestanverðu.

Spokane er ljómandi fallegur bær með 78 þúsundum íbúa, að þeir sögðu mér. Þar var eg nærri sólarhring og leist ágætlega á mig. Það er einhver með fegurri bæjum, sem eg hefi séð, og gjörir það landslagið og áin, Spokane River. Rennur hún um bæinn og eru í henni fossar tveir fallegir, þótt ekki séu

þeir háir eins og sumir íslenzku fossarnir. Þar er afl úr dregið til ljósa og hreifingar.—Daginn eftir var haldið til strandar ofan og var það sama sagan, heiðar, fjöll og jarðgöng, en þegar ofan á ströndina kom, fór mér verulega að lítast á mig. Þá sá eg sjóinn, sem eg ekki hafði séð í 19 ár, og flaug þá margt í huga mér frá fyrri árum, þegar öldurnar við gamla landið rugguðu mér sem barni í vöggju, eða eg sofnaði við gnaud aldanna á malarkambinum, eða þegar eg var á siglingu og hvítfextar öldurnar eltu bátinn, eða brotnuðu undir kinnungunum í beiti-vindi. Mér fanst mig langa til að koma út á sjóinn einu sinni enn þá.

Bærinn Everett er fallegur. Þaðan lá leiðin norður með ströndinni, oft fyrir neðan sjáfarbakkann hátt í fjörunni gegnum Bellingham og fleiri bæi. Bellingham er nýr bær fallegur, einkum hvað legu snertir, eru þar sögunarmillur og niðursuðuhús, höfn léleg. Þar er ekran af landi í kringum bæinn 300—500 dollara—nokkuð dýrt fyrir landann.

Loksins kom eg til Blaine. Þangað var ferðinni heitið frá fyrsta. Skamt var eg kominn af járnbrautarstöðinni þegar eg fann landa og varð þess brátt vísari, að þeir voru, að segja mátti, í 3. hverju húsi. Hafa þeir tekið mér sem bróður eða syni, og oft hefi eg átt góðum viðtökum að mæta hjá löndum, en hvergi betri, og var eg þó sumum þeirra ókunnugur. Eg hvíldi mig nokkra daga hjá Magnúsi Jónssyni frá Fjalli í Skaga-firði. Svo fór eg að sjá mig um og það var sem hitti eg alstaðar kunningja og gamla vini.

Blaine er nokkuð stór bær við vík eina, sem kölluð er Drayton Harbor. Eru þar leirur miklar og millur og niðursuðuhús bygð á stólpum úti á leirunum. Það verður hverjum undireins ljóst að hér hefir „boom“ verið áður fyrri, enda hafði það verið fyrir 14 árum. Hús mörg standa hér ómáluð, eyður eru talsverðar milli húsa og á stöku sjást ennþá hinir tröllauknu furu- og sedrusviðarstofnar á auðum lotum. Sjávarbakkinn er hár, og skerst gil mikið gegnum bæinn. Á bak við bæinn eða efst í bæjarstæðinu er hæð ein há, og er þar mikið útsýni af, þar sem skógur ekki skyggir á, og sést þaðan hinn mikli snjókrýndi

hálfhringur Cascade-fjallanna og bráðnar aldrei snjór af fjöllum þeim. En vestan við höfnina er tangi einn mikill og lokar rif eitt fyrir hann að norðan svo að örmjótt sund verður eftir. Væri höfn sú grafin upp sem tíðum er gjört hér á ströndinni, yrði hún einhver bezta höfn og kastali óvinnandi ef að herskip og vígi væri. Sagt er að ríkasta skipafélagið hér á ströndinni ætli að fara að búa um sig hér. Hefir það keypt land mikið með fram höfninni. Það er Alaska Trading Co.

Þó að Blaine sýni að hér hafi „boom“ verið og síðan komið afturkippur, þá er þó farið að votta fyrir að bærinn sé að byrja að rétta við aftur, því að víða sjást nýbygð og nýmáluð hús, nýplöntuð tré og nýruddar lóðir og garðar.

Landar hafa flestir eða allir komið hér fátækir og margir heilsulausir, en nærri hver einasti maður með familfu hefir keypt sér bæjarlóð og bygt á henni, eða þá bletti úti á landinu í kringum bæinn, bygt á honum og farið að ryðja og planta eplatré og önnur ávaxtré, eru þegar komnir mjög laglegir blettir hjá mörgum þeirra. En hér munar mikið um hvert ferhyrnings-„rod“-ið, því að alt vex hér. Sumir hafa 5 og 6 ekrur, aðrir 10, 20, nokkrir 40 og þar yfir. En hér má segja að 15 ekrur séu jafngóðar og hverjar 160 ekrur austurfrá og séu þær vel notaðar þá margfalt betri. En ekran er hér dýrust í kringum Blaine, þetta frá 40—80 dollara af óruddu landi, en svo segja menn að það kosti um 100 dollara að ryðja og hreinsa ekruna, og er lítt vinnandi að eiga við hina trölslegu furu og sedrusviðar stofna öðruvísi en með sprengingum. Skógurinn hefir verið hér hroðalegur. Eg hefi mælt stofna sem hafa verið 6 faðmar ummáls og niðri liggjandi tré frá 30—45 faðma á lengd. Þegar þau liggja á jörðunni nær búturinn manni í mitti og upp á axlir. Virðast þau jafn óviðráðanleg hvort þau eru laus eða föst í jörðu. En iðni, vitið og verkfærin og sögin og dynamitið vinnur það. Rudd er ekran oftast virt um 200 dali. Það sem ekran gefur af sér er ákaflega mismunandi eftir því til hvers hún er notuð. Af heyi gefur hún af sér fast að 3 tonnum (clover er hér tíðast sáð) og er tonnið sjálfsagt 10 dollara virði, séu

eplatré á henni líka, sem vel geta verið, þá má víst fá annað eins af þeim. En sé hún réttilega notuð til berjaræktunar, þá fer hún aðihát. „Strawberries“ gefa 200—300 þái vel 800 áli af ekrunni og er auðsætt að það er tilvinnandi að dunda við ekruna, þegar hún getur fært manni annan eins arð. Af eplum segja menn að megi fá fast að því eins mikið. Engir Íslendingar hafa það upp úr dundi sínu, enda segja menn að trén fari ekki að bera góða ávexti fyrri en 5—6 ár eftir að þau eru plöntuð, og þarf bæði lag eða kunnáttu og kostgæfni mikla að stunda þau. Sumstaðar þar sem eg borðaði miðdegisverð voru rófurvar fyrstu teknar upp úr garðinum rétt áður en farið var að matbúa. Voru þær tröllslegar sem annað hér, en nýjar sem að hausti væri.

Þó að landið sé nú svona dýrt hér, þá er lítill eða enginn efi á því, að alt þetta land hér á ströndinni og upp að fjöllum, verður að segja má einn aldingarður innan skams. Fjöllin mynda hér hálfhring og koma ofan að sjó fyrir sunnan og norðan, en héðan eru 30—40 mílur upp að þeim. Þegar ofar dregur frá ströndinni eru sléttur töluverðar og stórbændur ríkir vel.

Vinna er hér að segja má alt árið í kring á sögunarmillunum bæði hér í Blaine og alt í kring. Vinna nú nær 300 manns á einni þeirra. Þá er skógarhögg, fiskiveiðar, krabbaveiðar og niðursuða. Á millunum segja menn að nú sé lægst borgað 2 doll. á dag. Þeir sem bletti hafa geta rutt og unnið á landi sínu allan veturinn.

Hvað rigningar snertir, þá mun alt það er sagt hefir verið um það, vera rugl eitt. Það rignir helst á nóttum, en er þó ekki nema lítilfjörleg ýringsrigning. Hefi eg verið hér nærri 4 vikur og var lítilfjörleg rigning einn dag og eina nótt, en alt að heita mátti þurt orðið kl. 9 um morguninn. Á vetrum rignir náttúrlega meira. En aldrei koma hér rigningar þær, sem menn þekkja austurfrá, og sjaldan eða aldrei heyra menn þrumur í lofti. Nætur eru hér svalar allan árshringinn, og er mönnum hér kvefhaett, nema þeir búi sig nokkuð hlýjum fötum. En hvað loftslag snertir, þá mun það óvída betra hér í

Ameríku. Hefi eg hitt margan manninn, sem var að veslast upp og að dauða kominn austurfrá, en þegar hingað kemur er sem yngist þeir upp og nái nýjum kröftum og fjöri. Þeir fara að hamast og vinna og rjúfa merkur og skóga. Og engan hefi eg enn þá fundið, sem hefir sagt að sig langaði austur aftur.

Fólk er hér óþástað, djarfmannlegt og frjálslegt. Sagði kona ein við mig, er eg gat þess, að það væri mjög eðlilegt, því að hér væri engin klerkurinn að sitja á mönnum eða ógna þeim með píslum helvítis; lá mér við að brosa, er eg heyrði það, en nærri lá að eg væri henni samdóma, og grunur minn er sá, að æðimargir hér muni hugsa á þessa leið. Þeim stendur einhver stuggur af þessum heilögu mönnum, og er eins og fari um þá hryllingur, þegar þeir eru nefndir.

Eg var á kvennfélagssamkomu einni rétt eftir að eg kom. Var þar margt manna, eg held fast að þremur hundruðum. Hefi eg aldrei séð fríðari hóp af löndum jafnstóran. Þar voru ræður og upplestur og söngur, svo tombóla og seinast dans. Fór samkoman ágætlega fram. Á prógraminu voru börn, sem sungu tvö og tvö saman, þetta frá 12—14 ára gömul og sungu mikið laglega. Forsetinn var kona ein ung, eða réttara sagt ekkja, flutti hún ræðu og kvæði og mæltist bæði vel og skörulega. Hafði kvennfélagið eitthvað 100 dollara hreinan ágóða af samkomunni.

Í hús eitt kom eg til fólks, sem eg aldrei hafði séð áður, og furðaði mig er eg sá þar bókaskáp stóran og í honum hina beztu „Encyclopaedia“, sem eg hefi nokkru sinni séð, frá árinu 1904.—Eg hefi eina sjálfur í 20 bindum, en þessi er miklu betri. Hefir hún víst kostað ærna peninga. Drengirnir unnu á millunni, en vildu þó afla sér fróðleiks þess, sem hægt væri, og það sýnist vera svo hér á ströndinni, að menn og konur vilji bjarga sér sjálf.

Til Marietta fór eg einusinni og var þar nær viku og átti að mæta ágætis viðtökum. Sama er að segja um menn þar og hér, að það er einhver djarfhyndis og frelissvipur yfir uppliti þeirra og allri framkomu. Eg flutti þar messu eina, og komu flestir eða því nær allir, sem þar voru til af löndum. Tvisvar

hefi eg messað hér fyrir laglegum hóp í hvort skifti, og í kvöld ætla eg að flytja fyrirlestur: „Frá öðrum heimi“, kalla eg hann. Hver veit nema eitthvað sjáist á prenti af honum seinna. Næstu viku verð eg í Marietta og býst við að fara til Seattle, Tacoma og Point Roberts. Þá er eg alveg óráðinn hvað eg gjöri.

Ekki hefi eg enn þá hitt einn einasta mann, sem ekki er frjálsslyndur í trúarskoðunum. Þeir eða þær geta náttúrlega verið til hér, en eg hefi ekki orðið var við þá. Hvað kyrkjufélagið kann að geta áunnið hér, let eg ósagt, en grunur minn er sá, að menn verði hér þungir fyrir. En óefað er hægt að vekja hér illdeilur og þrætur.

Þetta frjálsslyndi hér svona alment er að nokkru leyti eðlileg afleiðing af hinni afarmiklu breytingu á högum og landslagi og loftslagi. Vér sáum það austurfrá að við Íslendingar komum að heiman í nýja álfu, þar sem alt var öðruvísi en heima, tungan, þjóðin, lífshættir, landslag og veðrátta. Vér komum þar í nýja heima. Við fórum að starfa og við fórum að hugsa, miklu meira en áður. Nú koma menn af sléttunum, úr brennandi sumarhitum og nístandi vetrarfrostum, vestur á þessa strönd, og koma þar aftur inn í nýja heima, alveg ólíka þeim, sem þeir lifðu í áður. Þeir sjá hér hin snjókrýndu fjöll, hina tröllslegu skóga, hið mikla úthaf. Þeir sjá hér inðæla firði og víkur, blómlega aldingarða og sígræna jörð. Þetta altsaman vekur í huga þeirra nýjar hugmyndir, andi þeirra verður miklu víðtækari, sjón sálarinnar verður miklu skarpari. Hinar gömlu hugmyndir eru prófaðar og vegnar og vei þeim, sem léttar finnast. Náttúrlega er það margur maðurinn, sem hefir komið frjáltslega hugsandi hér vestur, en hinir sem ekki hafa vaknað þar af ýmsum ástæðum, þeim er mjög hætt við að vakna hér, og vakna þá stundum af illum draumi, og verða glaðir þegar þeir sjá blómin gróa og sólina skína um himingeiminn. Þeir kæra sig þá ekki um að sofna aftur og fara að dreyma drauma vonda og ljóta. Enda sést það ekki á neinu hér að fólk breyti ver á nokkurn hátt en þar, sem kyrkjan er í algleymingi. En það eitt er víst að hér er dálítið minna af hræsni og tvöfeldni, en sumstaðar annarstaðar.

Það má enginn skilja ummæli mín þessi svo að eg sé orðinn vesturfarapostuli. Eg segi að eins frá hlutum og mönnum eins og mér hefir komið þetta hvorutveggja fyrir augu. Um hitt verður hver og einn að vera sjálfráður.

Blaine, 21. Apríl 1906.

*Magnús J. Skaptason.*

## Henrik Ibsen.

Miðvikudaginn 23. Maí, barst sú frétt fram og aftur með hraðskeytum um öll hin siðuðu lönd, að heimsfræga skáldið norska Henrik Ibsen væri dáinn. Hann hafði látist þann sama dag að heimili sínu í Kristjania kl. 2.30 e. h. Hann var lengi búin að vera heilsulítt og var því búist við dauða hans áður en langir tímar liðu. Hann var rúmt 78 ára að aldri.

Við dauða hans hefir fallið frá einhver hinn einkennilegasti og áhrifamesti maður, er Norðurlönd hafa nokkru sinni átt. Það er ekki ýkt, að Noregur vegna þessa mikilfenglega manns, er ekki hefir átt sinn líka um margar aldir, verður talin eitt af stórveldum norðurálfunnar í siðmenningarsögu síðustu aldar. Engin hefir haft eins mikil áhrif á skáldskaparstefnu seinnihluta 19. aldarinnar og hann.

Æftriði hans og mynd af skáldinu kemur í næsta blaði.



## „Til trúarstyrkingar.“

Margir kannast ófæð við vísu séra Jóns sáluga Þorlákssonar.

„Estersbók nefnir aldrei guð  
en þótt í ritning standi“,

og hefir þetta verið orsökinn til þess, að ýmsir hafa viljað út

hýsa henni úr biblíunni, og var guðsmaðurinn Lúter jafnvel einn í þeirra tölu.

„Sameiningin“, mánaðarrit séra Jóns Bjarnasonar í Winnipeg, skýrir nú frá því, í febrúar-nr. sínu, að skoðkur rithöfundur, John Urquhart að nafni, hafi komið að þeirri niðurstöðu, að „það, að guðs nafn kemur hvergi fyrir í Ester, sé vissulega sönnun fyrir því, að sú bók sé guðinblásin“ og geti ekki „eingöngu“ haft „mannlegan uppruna“.

„Sameiningunni“ finst afar-mikið varið í þessa skynsamlegu ályktun, og segir, að hún ætti að geta orðið lesendunum til „trúarstyrkingar“.

En fer þá ekki ærið margt að verða „guðinblásið“, ef svona sannanir duga? Oss dettur í hug, hvort jafnvel eigi sum númer af „Þjóðv.“ gætu þá komið á hornið?

(Þjóðviljinn).

Þeir sem skulda fyrir umliðna árganga, eru vinsamlegast beðnir að greiða áskriftargjöld sín til næstu útsöllumanna, eða senda þau á skrifstofu Heimis hið fyrsta. Þótt lítið komi frá hverjum er það þó, þegar saman safnast, drjúg hjálp í viðlögum.

I. og II. árg. Heimis fást nú innheft í 3 stórum bindum, als 426 bls., fyrir 1.00 dollar, á skrifstofu blaðsins, meðan upplagið hrekkur. Sendið pantanir yðar, öll bréf viðvíkjandi blaðinu og allar ritgjörðir til prentunar til

Útgefenda „Heimis“

582 Sargent Ave.

S. E. Corn. Sherbrooke st. & Sargent Ave.

Winnipeg.

**HEIMIR** kemur út 12 sinnum á ári, 24 bls. í hvert sinn, og kostar einn dollar árgangurinn.— Afgreiðslustofa og skrifstofa blaðsins verður framvegis í nýju Heimisbyggingunni austan við Unitarakerkjuna, á suðausturhorninu á Sherbrooke og Sargent strætum, (582 Sargent Ave.) Winnipeg Man. —

Ritstjóri sra Rögnvaldur Pétursson, Winnipeg.

Prentari: Gísli Jónsson, Winnipeg Man.